

## GJALDSKRÁ

### fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg.

## 1. gr.

Innheimta skal gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg svo sem nánar greinir í gjaldskrá þessari.

## 2. gr.

Gjald fyrir *blandaðan heimilisúrgang*:

<i>Gjaldflokkur nr.</i>	<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
A.1	120 l spartunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	13.100
A.2	120 l spartunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	17.700
A.3	240 l grá tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	23.300
A.4	240 l grá tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	29.000
A.5	660 l ker, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	64.075
A.6	660 l ker, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	79.750

Gjald fyrir *flokkaðan heimilisúrgang*, pappírsefni:

<i>Gjaldflokkur nr.</i>	<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
B.1	240 l blá tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	9.400
B.2	240 l blá tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	13.200
B.3	660 l blátt ker, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	25.850
B.4	660 l blátt ker, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	36.300

Gjald fyrir *flokkaðan heimilisúrgang*, plastefni:

<i>Gjaldflokkur nr.</i>	<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
C.1	240 l græn tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	7.800
C.2	240 l græn tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	11.600
C.3	660 l grænt ker, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	21.450
C.4	660 l grænt ker, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	31.900

Gjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við ílát, hirðu og förgun úrgangs.

Merktil pokar fyrir tilfallandi umfram blandaðan úrgang: 870 kr./stk.

Merktil pokar fyrir tilfallandi umfram pappírs- eða plastúrgang: 550 kr./stk.

Gjald fyrir aukalosun blandaðs úrgangs: 3.750 kr./ferð auk 1.115 kr./ílát sem losað er.

Gjald fyrir aukalosun pappírs- eða plastúrgangs: 3.750 kr./ferð auk 750 kr./ílát sem losað er.

Gjald vegna reksturs endurvinnslustöðva: 11.930 kr./íbúð. Gjaldi vegna endurvinnslustöðva er ætlað að standa undir kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar í rekstri endurvinnslustöðva Sorpu bs.

Umsýslugjald vegna breyttrar þjónustu, aksturs og skráningar íláta, er 3.200 kr. fyrir hvert sinn sem óskað er breytinga.

3. gr.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Innheimtudeild Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda skv. gjaldskrá þessari.

4. gr.

Gjalddagi gjalda skv. 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöld ekki greidd á eindaga.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur 5. desember 2017 með heimild í 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Reykjavíkurborg, nr. 1191/2016.

*Borgarstjórinn í Reykjavík, 4. janúar 2018.*

**Dagur B. Eggertsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 19. janúar 2018